




Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024



Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

Sóknaráætlun 2020-2024

Sóknaráætlun unnin á árinu 2019 með aðkomu yfir 200 manns frá sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingar

Sett í Samráðsgátt, lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar

Grundvallarskjal fyrir starfsemi Vestfjarðastofu

Samningar undirritaðir í nóvember 2019

Endurskoðun útgefin 2023 með nýjum áherslum fyrir 2023 & 2024

Fjármagn skiptist í þrennt: Um 100 milljónir á ári

- Uppbyggingarsjóður – árleg úthlutun (ca 55-60%)
- Áhersluverkefni (nýtist helst öllu svæðinu) (ca 25-30%)
- Rekstur (10-12%)

- Aukafjárveiting 2020 – 25,2 m.
- Aukafjárveiting 2021 – 12,5 m.
- Aukafjárveiting 2022 – 12,5 m.
- Aukafjárveiting 2023 – 12,5 + 10 frá Umhverfism
- Aukafjárveiting 2024 – 12,5 + 12,5 frá Umhverfism

SPURNINGAKÖNNUN
2 hópar

UNGMENNAÞING

**Sóknaráætlun
Vestfjarða
2025-2029**

FÓKUSHÓPAR
7 hópar

OPNIR FUNDIR
5 fundir

FRAMTÍÐARSÝN – MARKMIÐ – ÁHERSLUR



Framtíðarsýn 2050

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsókna. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum eru góðir innviðir, öflug þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandi menning. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum sem byggja á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.

Framtíðarsýn 2030

Vestfirðir eru **framúrskarandi svæði** til að búa, starfa, heimsækja og njóta **hreinnar náttúru** og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi **alþjóðlegt þekkingarsamfélag** sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og **umhverfisvitund**. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og **fjölbreytt atvinnulíf** sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.



ÁHERSLUR

1. Við viljum fjölga samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvum.
2. Við viljum ráðast í átak í vöruþróun í starfandi fyrirtækjum.
3. Við viljum auka hagnýtingu á stafrænni tækni í öllum atvinnugreinum.
4. Við viljum efla vöru- og tækniþróun með áherslu á að auka virði afurða.
5. Við viljum auka framleiðni og vöxt fyrirtækja.
6. Við viljum fylgja eftir markmiðum og aðgerðum Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða.
7. Við viljum leggja áherslu á að innleiða hönnun í framleiðslu fyrirtækja.
8. Við viljum virkja sjávarútvegs- og fiskeldisklasa.
9. Við viljum efla nýsköpun á Vestfjörðum.
10. Við viljum að Vestfirðir séu samkeppnishæfir hvað varðar fjarskipti.
11. Við viljum að afhendingaröryggi rafmagns aukist.
12. Við viljum fjölga hátækniyrirtækjum.
13. Við viljum auka fjölbreytileika starfa.

ÁHERSLUR 2023 – 2024

1. Við viljum auka framboð á íbúðahúsnæði á Vestfjörðum.
2. Við viljum auka framboð á gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn á Vestfjörðum.
3. Við viljum efla vöru- og tækniþróun, auka framleiðni og vöxt fyrirtækja með áherslu á hringrásarhagkerfið og orkuskipti.
4. Við viljum fylgja eftir markmiðum og aðgerðum Áfangastaðar-áætlunar Vestfjarða.
5. Við viljum öfluga klasa hafnsækinnar atvinnustarfsemi, sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu.
6. Við viljum efla nýsköpun, auka virði afurða og fjölbreytni starfa á Vestfjörðum.
7. Við viljum auka hagnýtingu á stafrænni tækni í öllum atvinnugreinum.
8. Við viljum öflugar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar um alla Vestfirði.
9. Við viljum að Vestfirðir séu samkeppnishæfir hvað varðar fjarskipti.
10. Við viljum að forgangur verði settur á aðgerðir sem auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.
11. Við viljum fjölga hátækni-yrirtækjum og styðja við þróun nýrra atvinnugreina sem byggja á sérstöðu svæðisins.
12. Við viljum auka sýnileika Vestfirskis atvinnulífs.

Atvinnulíf

Atvinnulíf - áherslur

- » Við viljum efla vöru- og tækniþróun, auka framleiðni og vöxt fyrirtækja með áherslu á hringrásarhagkerfið og orkuskipti
- » Við viljum efla samstarf og klasa sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu
- » Við viljum öflugar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar til að styðja við ný og óstaðbundin störf á Vestfjörðum
- » Við viljum fjölga fyrirtækjum og styðja við þróun nýrra atvinnugreina sem byggja á sérstöðu svæðisins
- » Við viljum bæta heilsársinnviði, auka afþreyingu og fjölga gístmöguleikum fyrir ferðamenn á Vestfjörðum
- » Við viljum efla verslun, nýsköpun í landbúnaði og fullvinnslu matvæla

Atvinna og
nýsköpun



ÁHERSLUR

1. Við viljum að innviðir svæðisins séu samkeppnishæfir við aðra landshluta.
2. Við viljum auka samstarf skóla á öllum stigum og móta sameiginlega menntastefnu.
3. Við viljum fjölga tækifærum til menntunar á öllum stigum.
4. Við viljum verja og efla skólastarf á framhaldsskóla- og háskólastigi.
5. Við viljum auka samstarf ólíkra skólastiga við atvinnulíf og rannsóknarstofnanir.
6. Við viljum auka áherslu á iðngreinar, starfsmenntun og verklega kennslu í grunn- og menntaskólum.
7. Við viljum þróa námskeið og námsleiðir á sviði stafrænnar getu.
8. Við viljum samþætta og endurskoða móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
9. Við viljum tryggja þáttöku yngri innflytjenda í íþrótt- og tómstundastarfi og áframhaldandi menntun eftir grunnskóla.
10. Við viljum stuðla að enn nánara samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.
11. Við viljum bæta heilsu íbúa með aukinni virkni og hreyfingu.
12. Við viljum stuðla að vexti fjölmenningsamfélags á Vestfjörðum.
13. Við viljum fylgjast með og styrkja stöðu erlendra íbúa á Vestfjörðum.

ÁHERSLUR 2023 – 2024

1. Við viljum að innviðir svæðisins séu samkeppnishæfir við aðra landshluta.
2. Við viljum hækka menntunarstig með því að fylgja eftir markmiðum og aðgerðum Menntastefnu Vestfjarða.
3. Við viljum að jafnrétti til búsetu verði tryggt og stuðla að fjölbreytni samfélagsins.
4. Við viljum samþætta og endurskoða móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
5. Við viljum að öllum börnum verði tryggt aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi og áframhaldandi menntun eftir grunnskóla.
6. Við viljum stuðla að enn nánara samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.
7. Við viljum stuðla að bættri lýðheilsu með aðgerðum sem hvetja til þátttöku allra íbúa.
8. Við viljum stuðla að vexti fjölmenningsamfélags á Vestfjörðum.
9. Við viljum fylgjast með og styrkja stöðu erlendra íbúa á Vestfjörðum með áherslu á börn og ungmenni.
10. Við viljum að íbúum sé tryggt aðgengi að öflugri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Samfélag

Samfélag - áherslur

- » Við viljum tryggja jafnrétti til áframhaldandi menntunar eftir grunnskóla
- » Við viljum stuðla að fjölbreytni samfélagsins og samþætta móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
- » Við viljum tryggja farsæld barna og gott aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni.
- » Við viljum auka virkni og bæta lýðheilsu með aðgerðum sem hvetja til þátttöku allra íbúa.
- » Við viljum stuðla að bættri nærþjónustu í samfélögunum.
- » Við viljum stuðla að sterku fjölmenningsamfélagi á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á farsæla inngildingu og íslenskukennslu.

Samfélag



ÁHERSLUR

1. Við viljum stuðla að auknu samtali sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
2. Við viljum áfram vera umhverfisvottuð árlega.
3. Við viljum stuðla að uppbyggilegri fræðslu um umhverfismál til ungs fólks.
4. Við viljum setja samræmda stefnu í úrgangsmálum.
5. Við viljum vinna svæðisskipulag með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.
6. Við viljum hraða vinnu við orkuskipti í höfnum.
7. Við viljum vinna samgöngustefnu.
8. Við viljum bæta upplýsingagjöf um ábyrga neyslu og umhverfisvitund.
9. Við viljum stuðla að upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og verndun umhverfis.
10. Við viljum skoða uppbyggingu þjóðskóga á Vestfjörðum í tengslum við aðra landnýtingu.
11. Við viljum bæta lýðheilsu með því að styðja sérstaklega umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu og hjólréiðar.

Umhverfi

ÁHERSLUR 2023 – 2024

1. Við viljum stuðla að auknu samtali sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
2. Við viljum vinna að kolefnishlutlausum Vestfjörðum.
3. Við viljum stuðla að fræðslu um hringrásahagkerfið, umhverfis- og loftslagsmál.
4. Við viljum vinna svæðisáætlun um úrgangsmál.
5. Við viljum vinna svæðisskipulag með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda sem stuðlar að uppbyggingu svæðisins.
6. Við viljum hraða vinnu að orkuskiptum í höfnum.
7. Við viljum vinna innviðaaætlun Vestfjarða.
8. Við viljum bæta upplýsingagjöf.
9. Við viljum stuðla að upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og verndun umhverfis.
10. Við viljum skoða uppbyggingu þjóðskóga á Vestfjörðum í tengslum við aðra landnýtingu.
11. Við styðja sérstaklega umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu, hjólréiðar og almenningssamgöngur.

Umhverfi - áherslur

- » Við viljum stuðla að samstarfi sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum varðveita og tryggja auðlindir til ferðamennsku og útivistar fyrir komandi kynslóðir.
- » Við viljum stuðla að öflugum hringrásarhagkerfi og frekari orkuskiptum
- » Við viljum tryggja ásýnd, yfirbragð og ímynd Vestfjarða beri áfram vott um lítt snortna náttúru, fegurð, kyrrð og hreinleika.
- » Við viljum stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum styðja umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu, hjólréiðar og almenningssamgöngur.

Umhverfi
og skipulag



ÁHERSLUR

1. Við viljum efla samstarf menningarstofnana.
2. Við viljum auka samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
3. Við viljum efla listnám og hvetja þannig til þátttöku ungs fólks í menningarlífinu.
4. Við viljum auka tengsl og samvinnu menningar og atvinnulífs.
5. Við viljum efla og auðga menningarstarfsemi og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina.
6. Við viljum styrkja rekstrargrundvöll og auka nýtingu félagsheimila og menningarhúsa.
7. Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til listsköpunar.
8. Við viljum stuðla að uppbyggingu samfélagsmiðstöðva í hverri byggð.
9. Við viljum fjölga þeim sem hafa atvinnu sína af skapandi greinum.
10. Við viljum efla menningarlega fjölbreytni.
11. Við viljum auka þátttöku almennings í menningar- og félagsstarfi.

ÁHERSLUR 2023 – 2024

1. Við viljum auka þátttöku almennings í menningar og félagsstarfi.
2. Við viljum efla samstarf menningarstofnana.
3. Við viljum auka samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
4. Við viljum efla listnám, aðgengi að listsköpun og hvetja þannig til þátttöku allra í menningarlífinu.
5. Við viljum auka tengsl og samvinnu menningar og atvinnulífs.
6. Við viljum efla og auðga menningarstarfsemi og fjölga tækifærum til atvinnusköpunar á sviði skapandi greina.
7. Við viljum tryggður sé vettvangur menningarstarfsemi í öllum byggðakjörnum.
8. Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til að njóta lista og til listsköpunar.
9. Við viljum auka menningarlæsi allra íbúa Vestfjarða og bjóða menningu af öllum uppruna velkomna.
10. Við viljum efla menningarleg samskipti og stuðla að ferðum listamanna milli landshluta.
11. Við viljum ýta undir menningarleg og söguleg sérkenni mismunandi svæða á Vestfjörðum.
12. Við viljum efla og kynna menningu barna og ungmenna.

Menning

Menning

Menning - áherslur

- » Við viljum auka samvinnu menningar og atvinnulífs, samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
- » Við viljum tryggður sé vettvangur menningarstarfsemi í öllum byggðakjörnum.
- » Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til að njóta lista og til listsköpunar.
- » Við viljum auka menningarlæsi allra íbúa Vestfjarða og bjóða menningu af öllum uppruna velkomna.
- » Við viljum ýta undir menningarleg og söguleg sérkenni mismunandi svæða á Vestfjörðum.
- » Við viljum efla og kynna menningu barna og ungmenna.



Hverju hafa áhersluverkefni Sóknaráætlunar skilað?

- Þróun Vestfjarðaleiðarinnar
- Samfella í markaðsmálum Vestfjarða
 - Móttaka blaðamanna og ferðaheildsala
 - Þátttaka í ferðakaupstefnum
 - Stafræn kynning – samfélagsmiðlar og vefsíður
- Samstarfsverkefni um orkumál – Blámi
- Skýrslur um orkuskipti í höfnum
- Úttekt á fýsileika gasgerðarstöðvar á Vestfjörðum
- Ný námsbraut Háskólaseturs – Sjávarbyggðafræði
- KPMG skýrsla 2017&2021 Borgarafundur vegna raforkumála, samgöngumála, fiskeldis ofl.
- Lýðskóli á Flateyri – stuðningur
- Westfjords Food – verkefni með matvælaframleiðendum
- Almennatengsl & sýnileiki– staðreyndaskjöl um fiskeldi og raforkumál og verkefnið Vestfirðingar
- Smávirkjanir á Vestfjörðum – úttekt og grunnur áframhaldandi vinnu
- Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum
- Stuðningur við Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Kvikmyndaverkefni á Vestfjörðum
- Stuðningur við vöruþróun í starfandi fyrirtækjum
- Á krossgötum - Þróun atvinnulífs og mannlífs á Vestfjörðum til ársins 2035 – sviðsmyndir
- Menntastefna Vestfjarða
- Ungmennahringur 2022, 2023 og 2024
- InWest fjárfestingavefur
- Jarðgangnaáætlun Vestfjarða




SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2025-2029

— DRÖG —

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2025-2029

Unnið af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga | Október 2024 – Útgáfa 1.0
Ábyrgðarmaður: Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri | Ráðgjöf: VSÓ ráðgjöf / Urbana
Grafísk hönnun: Pixel ehf. / Gunnar Bjarni Guðmundsson | Ljósmyndir: Starfsmenn Vestfjarðastofu
Teikningar: Einar Viðar Guðmundsson



Við þurfum að stækka kökusneiðina

Vestfirðir/Vestfirðingar/vestfirskt

Vestfjörðum og Vestfirðingum er gjarnan lýst á dramatískan hátt með kraftmiklum lýsingarorðum sem reyna að fanga anda þeirra og atgervi. Vestfirðir eru samt ekki eitthvað eitt því innan þeirra eru ólík samfélög með ólíkar áskoranir. Samfélögin einkennast þó almennt af kyrrð og ró, sem fólk kann að meta, og þau taka vel á móti nýjum íbúum. Það margt sem sameinar íbúa Vestfjarða og innan stjórnsýslunnar eru sífellt fleiri verkefni sem unnið er að í sameiningu.


Það er gríðarleg gerjun á Vestfjörðum, uppbygging hefur tekið við af niðursveiflu og talað er um „vestfirska efnahagsævintýrið“ þegar rætt er um þróun síðustu ára í tengslum við uppbyggingu fiskeldis og þróun og sölu Kerecis. Síðustu ár hefur kraftur verið settur í að bæta samkeppnishæfni Vestfjarða og áhersla verið lögð á uppbyggingu innviða, sem birtist meðal annars í mikilli umbreytingu í samgöngumálum og nýsköpun sem byggir á styrkleikum svæðisins.

Kraftmikið menningarlíf, tómsunda- og íþróttastarf hefur löngum einkennt Vestfirði. Kannski hefur fjarlægðin frá höfuðstaðnum þar sitt að segja og kannski vestfirska seiglan. Hverjar sem ástæðurnar kunna að vera eru sköpunargleði og þróttur heimafólks til að hafa ofan af fyrir sjálfum sér og öðrum til eftirbreytni.

Hvert sem litið er búa Vestfirðir að stórbrotinni náttúru og ríkulegum náttúruauðlindum. Þó að Vestfirðingar séu af öllum toga og alls ekki alltaf sammála um allt eru þeir þó upp til hópa einstaklega ánægðir með náttúru svæðisins, friðsældina, loftgæðin og öryggið.

Hvaða lýsingarorð sem Vestfirðingar vilja nota til að lýsa sjálfum sér og umhverfi sínu, hvernig sem aðrir vilja gera það, getum við öll verið nokkuð sammála um eitt: Vestfirðir eru fjölbreyttir.

Starfsfólk Vestfjarðastofu



Vestfirðingur (nafnorð) / vest-firð-ingur /

Einstaklingur ættaður af Vestfjörðum, sem kærir sig um náttúruna, betri samgöngur, vill að það sé nóg af tækifærum fyrir alla í atvinnu og menningarlífi, sem og í íþróttum.

**Vestfirðir eru
fjölbreyttir**



Hvað er Sóknaráætlun

Sóknaráætlun Vestfjarða er byggðaaætlun fyrir Vestfirði sem byggir á mati íbúa svæðisins á því hvernig svæðið eigi að þróast næstu ár. Sóknaráætlun er aðgerðaráætlun til fimm ára í senn sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn og markmið.

Sóknaráætlunir hafa skilað miklu til landshlutanna og hafa fjölmörg verkefni komið til framkvæmda fyrir tilstuðlan þeirra. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða er hluti af áætluninni og hafa Vestfirðingar verið duglegir að færa sér hann í nyt og þannig efla menningar- og atvinnulíf á svæðinu. Að auki eru árlega valin áhersluverkefni út frá markmiðum gildandi sóknaráætlunar.

Árið 2015 var fyrsta sóknaráætlunin gerð og er þessi því sú þriðja í röðinni. Í hvert sinn hefur verið kallað eftir víðtæku samráði við íbúa svæðisins. Það er mikilvægur liður í því að aðgerðaaætlunin feli í sér það sem kallað er eftir hverju sinni. Í samráði um nýja sóknaráætlun mátti heyra að íbúar upplifðu stundum áhrifaleysi og að þeim reyndist torvelt að finna vettvang til áheyrnar og samstarfs – og er þátttaka í þessari vinnu einn vettvangur til þess.

Landshlutasamtök sveitarfélaganna sjá um umsýslu og framkvæmd sóknaráætlana í hverjum landshluta en fjárveitingar koma frá innviðaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Líta má því á sóknaráætlunir sem samstarfsvettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags auk annarra haghafa í hverjum landshluta. Byggðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál bera síðan ábyrgð á mati á framvindu sóknaráætlana og eftirliti með þeim.



**Sóknaráætlun er
aðgerðaráætlun til
fimm ára í senn**

HEILDARFJÁRMAGN Í FIMM ÁR

606

MILLJÓNIR

321

MILLJÓNIR

UPPBYGGINGARSJÓÐUR

230

MILLJÓNIR

ÁHERSLUVERKEFNI

55

MILLJÓNIR

UMSÝSLA

318

VERKEFNI

34

VERKEFNI



VESTFIRÐIR - STAÐA 2024

7.168


ÍBÚAR

1.439

FJÖLDI ÍBÚA MEÐ ERLENT RÍKISFANG



LANDSMANNA



8

SVEITARFÉLÖG



Á VESTFJÖRÐUM..

ERU **4 JARÐGÖNG**
ALLS 20 KM. LÖNG

ERU **49 FYRIRTÆKI**
Í FERÐAÞJÓNUSTU

ERU **20 HAFNIR**
FLESTAR ALLRA LANDSHLUTA

ERU
27.000 KINDUR

ER **1 JÖKULL**
DRANGAJÖKULL

ERU **1.407 KM**
AF ÞJÓÐVEGUM

ER **KALDBAKUR**
HÆSTI TINDUR
VESTFJARÐA
998 METRAR

KOMA **400.000**
FERÐAMENN
Á ÁRI

ERU ALIN TIL MANNELDIS
36.000 TONN
AF FISKI ÁRLEGA

BÚA
3.731 KARL
3.433 KONUR
4 KYNSEGIN

ER ORKUFRAMLEIÐSLA
120 GWST
RAFORKUNOTKUN
ER **270 GWST**

ERU **3 STÓR**
FUGLABJÖRG
LÁTRABJARG – STÆRSTA
FUGLABJARG EVRÓPU

ER STRANGLÍNAN **2980 KM**
35% AF STRANGLÍNU ÍSLANDS
415 METRAR AF STRANGLÍNU Á ÍBÚA

ER MESTA DÝPI Í ÍSAFJARÐARDJÚPI
130 METRAR



Vestfirðir árið 2024 – hér erum við

Vestfirðir í tölum:

Á Vestfjörðum eru átta sveitarfélög: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðabær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur og Vesturbyggð. Hefur þeim fækkað um eitt frá gerð síðustu sóknaráætlunar. Í ársbyrjun 2024 voru íbúar á Vestfjörðum 7.168 en eftir hraða íbúafækkun um áratuga skeið eru Vestfirðir nú í sókn og hefur íbúum fjölgað allt frá árinu 2017. Þessa jákvæðu þróun má að mestu þakka aukinni atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun.

Um 2% landsmanna eru nú búsettir á Vestfjörðum en árið 2000 var prósentutalan 2,9%. Þá var fjöldi innflytjenda sem búsettur var á svæðinu 556, en í upphafi árs 2024 voru þeir 1.439. Fjölgun innflytjenda hefur verið lyftistöng fyrir atvinnulíf og menningu á Vestfjörðum og skapað lífleg fjölmenningsarsamfélög.

Til betri vegar:

Talsvert hefur áunnist frá því er síðasta sóknaráætlun var gerð og jákvæð þróun á mörgum sviðum: atvinnutekjur hafa aukist og fyrirtækjum fjölgað. Færri búa aðeins yfir grunnmenntun og fleiri yfir háskólamenntun. Orkuskiptin eru orðin sýnilegri með fleiri rafknúnum farartækjum og fjölgun hraðhleðslustöðva og hefur stofnun Bláma haft mikil áhrif á vinnu og viðhorf tengd orkuskiptum. Á sviði ferðapjónustu


hefur sameiginleg markaðssetning Vestfjarða og Dala hafist undir flaggi Vestfjarðaleiðarinnar. Á sviði atvinnulífs hefur Sóknarhópur Vestfjarða tekið til starfa, þar sem fulltrúar fjölmargra greina atvinnulífsins vinna sameiginlega að hagsmunum svæðisins. Sveitarfélögin á svæðinu hafa tekið höndum saman og vinna t.d. sameiginlegt svæðisskipulag og svæðisáætlun um úrgang.

Vestfirðir eru nú í sókn

Enn af innviðum:

Öflugir innviðir eru forsenda allrar framþróunar. Hin mikla viðhaldsskuld á Vestfjörðum er steinn í götu atvinnu- og samfélagsþróunar og er fyrirferðarmikil í umræðu um vestfirsk málefni. Þetta kom skýrt fram í samráði um Sóknaráætlun 2025-2029, en ekki má gleyma að síðan sú síðasta kom út hafa merkir áfangar náðst: Dýrafjarðargöng, láglandisvegur í Gufudalssveit og endurbygging vegar um Dynjandisheiði sem enn er ólokið. Þó veldur djúpum vonbrigðum fálæti gagnvart vetrarþjónustu og viðhaldi vega og tilfærsla jarðgangna á Vestfjörðum í biðflokk. Flutnings- og dreifikerfi raforku innan Vestfjarða hefur eflst á tímabilinu. Tækifærin sem það felur í sér líða fyrir skort á virkjuðu vatnsafli innan Vestfjarða og





viðkvæmri flutningslínu inn á svæðið. Sóknaráætlun sem aðgerðaráætlun hefur ekki í sér burði til að takast á við svo stórtæk viðfangsefni sem vegagerð og raforkuframleiðsla en verkefni hennar eru engu að síður oft háð þróun þess. Árangur sóknaráætlunar verður áfram háður þróun innviða, en nú er lagt traust á að þungamiðja umræðu um markmið þeirra og þróun færist á vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 sem öll sveitarfélögin á svæðinu vinna nú að í sameiningu.

Hamingjan sanna og samfélagið:

Reglubundnar íbúakannanir sýna þá þróun að hamingja íbúa hefur dvínað, sem vert er að bregðast við og mikilvægt er

að vinna áfram að farsæld barna; velferð þeirra, menntun og tómstundum. Meðal verkefna sem hafa unnist á þessu sviði er menntastefna Vestfjarða, barnamenningarhátíðin Púkinn og undirritun samnings um nýtt verkmenntahús á Ísafirði. Ungmenni mega ekki falla milli skips og bryggju og hafa þau öðlast vettvang til að láta til sín taka í gegnum árlegt ungmennaping og nýstofnað ungmennaráð Vestfjarða.

Saman í sókn:

Það er sóknarhugur í Vestfirðingum og staðan um margt betri en hún var fyrir fimm árum síðan. Það verður því gaman að fylgjast með þróun mála á tímabili Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.



Þróun lykilmælikvarða

Atvinnutekjur

Per íbúa, hlutfall af landsmeðaltali



Fyrirtæki

Nýskráð hf. og ehf. pr 1000 íbúa



Grunnmenntun

Hlutfall af íbúum 25 og eldri sem eingöngu hafa grunnmenntun



Háskólamenntun

Hlutfall af íbúum 25 og eldri



Þróun lykilmælikvarða

Íbúar

Fjöldi íbúa á svæðinu

6.913

2019



7.168

2022

Hamingja

Lýðheilsuvísar, fullorðnir

57,7%

2018



53,6%

2023

Urðun

Magn úrgangs til
urðunar í tonnum

3.955

2019



4.401

2023

Orkuskipti

Hraðhleðslustöðvar

5

2019




11

2024



Vestfirðir – SVÓT



S

Helstu styrkleikar

Samheldin, fjölbreytt og opin samfélög
 Sterk sjálfsmynd og sóknarhugur
 Skapandi þáttökusamfélög
 Stöðugt atvinnulíf og víða aukin fjölbreytni starfa
 Góð aðstaða til fjarvinnu
 Stórbrotin náttúra, kyrrð, og miklir útivistarmöguleikar

V

Helstu veikleikar

Húsnæðisskortur hamlar íbúafjölgun
 Skortur á verslun og þjónustu
 Fámenni og brottflutningur ungs fólks
 Andvaraleysi í umhverfis- og loftslagsmálum
 Fáar burðarstöðir menningarlífs
 Stutt ferðamanna tímabil



Helstu ógnanir


Erfiðar og hamlandi vetrarsamgöngur
Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta
Skortur á möguleikum til menntunar
Ákvarðanfærni, skilnings- og aðgerðaleysi stjórnvalda
Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og alþjóðaflugvöllum
Loftslagsbreytingar, tíðari ofsaveður og ofanflóð
Orkuskortur og ótrygg raforka hamlar atvinnulífi og samfélagi
Höfuðborgarmiðuð stefnumótun hins opinbera

Ó

Helstu tækifæri


Fjölgun jarðgangna og bætt vetrarþjónusta
Aukin orkuframleiðsla og bættur raforkuflutningur
Nýsköpun og rannsóknir byggð á sérstöðu Vestfjarða
Hringrásarnálgun í fullvinnslu afurða
Breytingar í sjávarútvegi vegna orkuskipta
Beinn útflutningur afurða af svæðinu
Þróun Vestfjarðaleiðarinnar og lenging ferðamannatímabilsins
Þjóðgarður á Vestfjörðum

T



Framtíðarsýn 2050

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsóknna. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum eru góðir innviðir, öflug þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandi menning. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum sem byggja á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.



Meginmarkmið málaflokka og ytri áhrifabættir



Staða málaflokks



Atvinnulíf

Skapa forsendur sem gera Vestfirði að áhugaverðum stað fyrir nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og fjölbreytt störf

Atvinnulíf Vestfjarða byggir í grunninn á ríkulegum aðgangi að gjöfulem náttúruauðlindum og er bláa hagkerfið þar helsti burðarásinn en landbúnaður hefur gefið eftir. Síðustu ár hefur fiskeldi og ferðaþjónusta vaxið fiskur um hrygg og nýsköpun innan líftækni malar gull. Staðan á Ströndum, Reykhólahreppi og Barðaströnd ber mark af því að landbúnaður er þar mikilvæg atvinnugrein.

Atvinnulífið er útflutningsdrifið og gott umhverfi er til nýsköpunar með öflugum hugviti heimafólks og stuttum boðleiðum. Möguleikar til fullvinnslu náttúruafurða, sér í lagi úr sjó, eru miklir og tækifæri fólgin í aukinni sjálfbærni hagsun með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi. Slakir innviðir svæðisins hafa staðið atvinnulífi fyrir þrifum, einkum erfiðar vetrarsamgöngur og orkuskortur.


Byggja þarf fleiri stoðir verðmætasköpunar, þó þeim hafi fjölgað, og minnka þarf árstíðasveiflu ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan innan landshlutans hefur vaxið hratt og er mikli ásókn til Vestfjarða yfir sumartímenn. Mikil tækifæri eru tengd uppbyggingu fleiri og fjölbreyttari gististaða og aukinni verslun og þjónustu í fjórðungnum.

Öflugt hugvit heimafólks og stuttar boðleiðir



Atvinnulíf - áherslur

- » Við viljum efla vöru- og tækniþróun, auka framleiðni og vöxt fyrirtækja með áherslu á hringrásarhagkerfið og orkuskipti
- » Við viljum efla samstarf og klasa sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu
- » Við viljum öflugar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar til að styðja við ný og óstaðbundin störf á Vestfjörðum
- » Við viljum fjölga fyrirtækjum og styðja við þróun nýrra atvinnugreina sem byggja á sérstöðu svæðisins
- » Við viljum bæta heilsársinnviði, auka afþreyingu og fjölga gistimöguleikum fyrir ferðamenn á Vestfjörðum
- » Við viljum efla verslun, nýsköpun í landbúnaði og fullvinnslu matvæla



Staða málaflokks



Samfélag

Stuðla að aukinni hamingju og velferð íbúa, bættu aðgengi til náms, aukinni farsæld og góðri lýðheilsu.

Sterkar félagslegar tengingar og samheldni einkenna samfélag á Vestfjörðum. Nú sést fyrir endann á löngu tímabili fólksfækkunar, hefur þróunin víðast verið snúið við og framundan er uppbygging á breyttum forsendum. Hlúa þarf að samfélaginu með inngildingu að leiðarljósi. Sérstakan gaum þarf að gefa jafnrétti til náms og tómtunda og þá eru lýðheilsa og farsæld barna eru mikilvæg verkefni.

Vestfirðir eru víðfemir og felast áskoranir í fámenni og fjarlægðum. Sjá má áskoranir birtast meðal annars í menntunarmöguleikum barna og þeirra sem eldri eru. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er víða í ólagi og húsnæðisskortur hefur hamlað íbúa- og atvinnuþróun. Á minni stöðum er erfiitt að halda úti grunnþjónustu sveitarfélaga og verslun.


Á sama tíma og fjarlægðir og fámenni eru áskorun er samfélagsnetið þéttfið og upplifun íbúa almennt á þá leið að þeir tilheyri samfélagi sínu. Vestfirðingar geta verið duglegir að færa sér landsins gæði í nyt til útivistar og heilsuþátar og víða er félagsstarf í blóma.

Félagslegar tengingar og samheldni




Samfélag - áherslur

- » Við viljum tryggja jafnrétti til áframhaldandi menntunar eftir grunnskóla
- » Við viljum stuðla að fjölbreytni samfélagsins og samþætta móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
- » Við viljum tryggja farsæld barna og gott aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni.
- » Við viljum auka virkni og bæta lýðheilsu með aðgerðum sem hvetja til þátttöku allra íbúa.
- » Við viljum stuðla að bættri nærþjónustu í samfélögunum.
- » Við viljum stuðla að sterku fjölmennings-samfélagi á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á farsæla inngildingingu og íslenskukennslu.



Staða málaflokks



Náttúra og umhverfi Vestfjarða búa yfir miklum styrkleikum; mikilfenglegt landslag, víðerni, lítt röskuð náttúra og jákvæðri ímynd.

Gætt hefur ákveðins andvara- og framtaksleysis á sviði umhverfis- og loftslagsmála og úrgangsmálum og fráveitu er ábótavant. Það horfir þó til betri vegar. Sveitarfélögin á Vestfjörðum vinna nú að gerð svæðisáætlunar um úrgang og loftslags- og orkuskiptaáætlana, sem fela í sér aukna áherslu á umhverfismál í stjórnun sveitarfélaganna.

Í grunnatvinnuvegum felast mikil tækifæri í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og fullvinnslu innan hringrásarhagkerfisins. Sem áður háir skortur á raforku bæði atvinnulífi og samfélagi og geta aðeins úrbætur á sviði framleiðslu og flutnings raforku gert orkuskipti möguleg.

Vestfirskir firðir, víkur og víðerni henta vel til búsetu, útivistar og ferðaþjónustu vegna sinna einstöku skilyrða og enn er til skoðunar að stofna þjóðgarð á Vestfjörðum. Þá er heimafólk almennt stolt af því að tilheyra þessu einstaka umhverfi og metur það til lífsgæða.

Heimafólk er stolt af einstöku umhverfi

Umhverfi - áherslur

- » Við viljum stuðla að samstarfi sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum varðveita og tryggja auðlindir til ferðamennsku og útivistar fyrir komandi kynslóðir.
- » Við viljum stuðla að öflugum hringrásarhagkerfi og frekari orkuskiptum
- » Við viljum tryggja ásýnd, yfirbragð og ímynd Vestfjarða beri áfram vott um lítt snortna náttúru, fegurð, kyrrð og hreinleika.
- » Við viljum stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum styðja umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu, hjólreiðar og almenningsamgöngur.



Staða málaflokks



Menning

Efla fjölbreytt menningarlíf, stuðla að samvinnu um viðburði, styrkja félagsleg tengsl og hvetja til þátttöku

Vestfirðir laða að sér skapandi fólk og öflugt menningarlíf er ein af skrautfjöðrum svæðisins. Listsköpun hverskonar og félagsstarf hefur löngum verið innihaldsríkur þáttur í lífi íbúanna. Menningin endurspeglast í hefðum á sviði sagnamennsku, matargerðar, tónlistarlífs og safnastarfs. Bæjar-, íþróttar, og menningarhátíðir laða margar að sér gesti víða að sem ýtir undir sterka ímynd Vestfjarða.

Menning og afþreying eru ráðandi þáttur í byggðafestu hér á landi en slíkt þrífst ekki í tómarúmi. Það er því oftast en ekki öflugri grasrót að þakka að listalíf á Vestfjörðum hefur verið svo öflugt. Í þátttökustarfi hverskonar harðnar samkeppnin við sófann og erfiðara reynist að reka menningar-, tómstunda-, og íþróttastarf sem byggist á breiðri þátttöku íbúa. Betur má hlúa að hverskonar menningarstarfsemi svo það hvíli ekki á fárra herðum og meira samstarf ákjósanlegt.

Auka þarf veg vestfirskrar menningar og skilning á því að hún er einnig atvinna en ekki aðeins áhugamál. Mikil tækifæri felast í samlegðaráhrifum menningar og ferðaþjónustu á svæðinu.

Skapandi fólk og öflugt menningarlíf



Menning - áherslur

- » Við viljum auka samvinnu menningar og atvinnulífs, samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
- » Við viljum tryggður sé vettvangur menningarstarfsemi í öllum byggðakjörnum.
- » Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til að njóta lista og til listsköpunar.
- » Við viljum auka menningarlæsi allra íbúa Vestfjarða og bjóða menningu af öllum uppruna velkomna.
- » Við viljum ýta undir menningarleg og söguleg sérkenni mismunandi svæða á Vestfjörðum.
- » Við viljum efla og kynna menningu barna og ungmenna.




Samskipta- og kynningaráætlun

Mikilvægt er að meðvitund ríki um Sóknaráætlun og þau tækifæri sem í henni liggja til eflingar landshlutans. Vænlegast til árangurs er virk þátttaka íbúa, atvinnulífs og kjörinna fulltrúa. Hérna eru þær miðlunarleiðir sem notaðar eru til kynningar á Sóknaráætlun Vestfjarða.

Samskiptaleiðir

- » Greinaskrif og umfjallanir í fjölmiðlum
- » Heimasíða Vestfjarðastofu
- » Fundir og ráðstefnur
- » Samfélagsmiðlar
- » Auglýsingar




Leið	Aðgerð	Ársfjórðungur				Markhópur			
		F1	F2	F3	F4	M1	M2	M3	M4
Fundir og ráðstefnur	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn	■				■			
	Kynningarfundir fyrir starfsmenn sveitarfélaga	■				■			
	Kynningarfundir fyrir íbúa		■				■	■	■
	Vinnustofur í tengslum við úthlutun uppbyggingarsjóðs				■		■	■	■
	Úthlutunarhátið				■	■	■	■	■
Auglýsingar	Úthlutun – auglýsingar í svæðismiðlum				■	■	■	■	■
	Úthlutun – samfélagsmiðlar				■	■	■	■	■
	Kynningarfundir fyrir íbúa – svæðismiðlar	■				■			
	Kynningarfundir fyrir íbúa – samfélagsmiðlar	■				■			
	Úthlutunarhátið – samfélagsmiðlar	■				■	■	■	■
Samfélagsmiðlar	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði	■	■	■	■	■	■	■	■
	Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1 x í mánuði	■	■	■	■	■	■	■	■
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum	■			■	■	■	■	■
	Greinum á svæðismiðlum og prentútgáfum deilt	■	■	■	■	■	■	■	■
Heimasíða	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði	■	■	■	■	■	■	■	■
	Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1x í mánuði	■	■	■	■	■	■	■	■
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum	■			■	■	■	■	■
	Greinar af svæðismiðlum og prentútgáfum	■	■	■	■	■	■	■	■
Greinar um fjöllun	Greinar í svæðis- vefmiðla (t.d. bb.is) 4x á ári	■			■	■	■	■	■
	Viðtal/umfjöllun í einum landsmiðli – 1x á ári					■	■	■	■

Markhópar M1 - Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga M2 - Íbúar Vestfjarða
M3 - Fyrirtæki á Vestfjörðum M4 – Menningarstofnanir á Vestfjörðum

Samráð

Árið 2015 var fyrsta sóknaráætlunin gerð og er þessi því sú þriðja í röðinni. Í hvert sinn sem ný sóknaráætlun er gerð er kallað eftir víðtæku samráði við íbúa svæðisins. Það er mikilvægur liður í því að aðgerðaáætlunin feli í sér það sem kallað er eftir hverju sinni. Í samráði um nýja sóknaráætlun mátti meðal annars heyra að íbúar upplifðu stundum áhrifaleysi og að þeim reyndist erfitt að finna vettvang til áheyrnar og samstarfs – og er þátttaka í þessari vinnu einn vettvangur til þess.

Við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 var haft víðtækt samráð sem hófst með spurningakönnun til styrkþega uppbyggingarsjóðs annars vegar og hins vegar til kjörinna fulltrúa, stjórnar Vestfjarðastofu og Sóknarhóps. Á Ungmennahópi var vinnustofa þar sem unga fólk fékk tækifæri til að segja sína skoðun. Haldnir voru fimm opnir fundir þar sem farið var yfir áherslurnar og til að ná örugglega að heyra raddir allra var sjö mismunandi hópum boðið að taka þátt í fókushópum. Að lokum var boðað til úrvinnslufundar þar sem niðurstöður samráðsins voru bornar undir samráðsvettvang Sóknaráætlunar.



Víðtækt samráð



SPURNINGAKÖNNUN
2 hópar

UNGMENNAÞING


**Sóknaráætlun
Vestfjarða
2025-2029**

FÓKUSHÓPAR
7 hópar

OPNIR FUNDIR
5 fundir

FRAMTÍÐARSÝN – MARKMIÐ – ÁHERSLUR





GÖGN ÚR SAMRÁÐI

Mikið samráð var viðhaft við mótun sóknaráætlunarinnar. Samráðið var þríþætt. Í fyrstu voru sendar út spurninga-listakannanir annars vegar til samráðsvettvangs (Sóknarhóps), kjörinna fulltrúa og starfsfólks og stjórnar Vestfjarðastofu og hins vegar til styrkþega síðustu ára. Spurningakannanirnar gáfu t.a.m. góðar upplýsingar um áhrif sóknaráætlunarinnar og gagns sem verkfæris.

Í annan stað voru haldnir alls sex fundir ólíkra fókushópa þar sem m.a. eldri borgarar, íbúar af erlendum uppruna, erlent fræðafólk, ungt fólk og menningarráð settu fram sín sjónarmið. Í þriðja lagi var efnt til fjögurra íbúafunda þar sem íbúar af öllu svæðinu komu markvisst að því að móta og forgangsraða áherslum áætlunarinnar til næstu fimm ára. Þáttaka í samráðinu var framar vonum og samanlagt má áætla að í öllum þremur þáttum hafi um 450 manns hafi tekið þátt.

Um
450 manns
tóku þátt







Fókus hópar – ELDRI BORGARAR



Fókus hópar – ERLENDIR FRÆÐIMENN



Fókus hópar – ERLENDIR ÍBÚAR



Ferli og samlegð sóknaráætlunar og svæðisskipulags

Samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlunir eru sóknaráætlunir stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka m.a. mið af skipulagsáætlun.

Á Fjórðungsþingi Vestfjarða árið 2023 var samþykkt að ráðast í gerð svæðisskipulagsstefnu fyrir Vestfirði. Samþykktin hljóðaði svo: „Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðapróun á Vestfjörðum til framtíðar.“ Að því gefnu að á sama tíma skyldi Sóknaráætlun Vestfjarða koma til endurskoðunar ákvað stjórn og starfsfólk Vestfjarðastofu að vinna skjölin samhliða út frá þeirri forsendu að þau væru bæði tvö farvegir fyrir sameiginlegan ásetning Vestfjarða. Svæðisskipulagið til allt að 25 árum en sóknaráætlunin fjármögnuð aðgerðaáætlun til fimm ára.

Lögð hefur verið áhersla á að samþætta upplýsingaöflun og vinnu að endurskoðaðri Sóknaráætlun fyrir Vestfjarða við verkþætti svæðisskipulagsins og ná fram sameiginlegum sjónarmiðum er varða stöðumat, framtíðarsýn, málaflokka og setningu markmiða.

Á þessum forsendum sjá Vestfirðingar fyrir sér bein tengsl stefnuskjalanna tveggja. Endanleg samþætting stefnuþátta sóknaráætlunar við samþykkt svæðisskipulag verður hins vegar við endurskoðun sóknaráætlunar á árinu 2026 og tæki gildi 2027.

„Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðapróun á Vestfjörðum til framtíðar“



